

L Ö G

104

20. des.

um aðstoðarlán til sildarútvegsmanna 1945.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 4 milljónum króna eða ábyrgjast jafnháa fjárhæð til aðstoðar sildarútvegsmönnum árið 1945.

2. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyritæki, sem stunduðu sildveiðar með herpinót sumarið 1945, geta sótt um lán samkvæmt lögum þessum, ef þeir (þau) vegna aflabrests á sildarvertíðinni eiga erfitt með áframhaldandi rekstur.

3. gr.

Sameinað Alþingi kýs fimm manna nefnd, sem tekur á móti umsóknum um lán þessi. Nefndin ákveður, hve langan frest umsækjendur hafa til lánbeiðninnar. Lánbeiðnir skulu vera skriflegar. Þeim skulu fylgja skilríki sem hér segir:

1. staðfest eftirrit af skattframtali umsækjanda 1945;
2. efnahagsreikningur umsækjanda 30. sept. 1945;
3. rekstrarreikningur sildarútgerðar umsækjanda 1945;
4. veðbókarvottorð skipa og fasteigna umsækjandans.

Auk þess er umsækjanda skylt að gefa nefndinni allar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar. Með allar upplýsingar varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

4. gr.

Þegar lánveitinganefnd hefur fengið tilskilin skjöl í hendur, skal hún sannprófa, eins og unnt er, hvort þau eru rétt. Telji nefndin, að umsækjandi eigi erfitt með áframhaldandi rekstur, skal honum veitt lán, ef hann getur sett tryggingar, sem nefndin metur gildar. Nú sækir hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð um lán eftir lögum þessum, og skal þá setja það skilyrði fyrir lánveitingunni, að aðalhluthafar eða aðaleigendur fyrirtækisins taki persónulega ábyrgð á láninu í hlutfalli við hlutfjáreign eða stofnfjáreign þeirra í félaginu, nema aðrar fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir láninu. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera. Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Lánstími má þó ekki vera yfir 5 ár. Ársvextir skulu vera 3%.

5. gr.

Ekkert lán má afgreiða, fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og sér um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

6. gr.

Selji lántakandi skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið sem trygging fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

104

20. des.

Deir, sem fá lán samkv. lögum þessum, eru skyldir til að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

7. gr.

8. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar, ef þurfa þykir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.

105

21. des.

L Ö G

um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórn Íslands er heimilt fyrir hönd hins isl. lýðveldis að gerast aðili að stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka, samkvæmt tillögum, sem samþykktar voru í júlí 1944 á fundi hinna sameinuðu þjóða og þeirra þjóða, sem með þeim vinna (United and Associated Nations) í Bretton Woods í Bandaríkjunum.

2. gr.

Ráðherra sá, sem hefur á hendi yfirstjórn bankamála landsins, skipar einn mann og annan til vara til 5 ára til að taka sæti í fulltrúaráði gjaldeyrissjóðsins og sömuleiðis einn manni og varamann til sama tíma í bankaráð alþjóðabankans.

Þóknun fyrir störf þeirra skal ákveðin af ráðherra.

3. gr.

Til þess að standa straum af framlögum ríkisins til gjaldeyrissjóðsins og alþjóðabankans heimilast ríkisstjórninni að taka innanríkislán, er jafngildi allt að tveim milljónum dollara.

4. gr.

Óheimilt er hönkum landsins, sparissjóðum, bæjar- og sveitarfélögum og opinberum stofnunum að taka lán erlendis, nema með samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, sbr. þó 1. gr. laga nr. 10/1928, um Landsbanka Íslands.

5. gr.

Skyllt er öllum þeim, sem skulda fé í erlendum gjaldeyri, að gefa Hagstofu Íslands skýrslu um skuldir sínar ársfjórðungslega í því formi, er hún fyrirskipar.